





## Aukinn þjónustuafgangur þrátt fyrir fækkun erlendra ferðamanna

*Þrátt fyrir verulegan samdrátt í komum erlendra ferðamanna á öðrum ársfjórðungi varð lítils háttar aukning í þjónustujöfnuði. Þessa þróun má m.a. rekja til þess að ferðalög Íslendinga erlendis drógust einnig saman.*

Þjónustuútflutningur á öðrum fjórðungi ársins nam 116,1 ma.kr. og dróst hann saman um rúma 3,6 ma.kr., eða 2,1%, á milli ára. Þjónustuinnflutningur nam hins vegar tæpum 114 mö.kr. og dróst hann saman um 4,3 ma.kr., eða 3,6%, á milli ára. Þjónustujöfnuður var því jákvæður um 52,1 ma.kr. og sem er um 700 m.kr. eða 1,4% meiri afgangur en á sama tíma í fyrra. Meiri afgangur nú skýrist af því að þjónustuinnflutningur dróst meira saman að krónutölu en þjónustuútflutningur. Að undanskildu síðasta ári er þetta minnsti afgangur af þjónustuviðskiptum á öðrum ársfjórðungi síðan árið 2014, en þá nam hann 32,3 mö.kr.

### Ferðaþjónustan dregst saman

Erlendum ferðamönnum fækkaði um 19,2% á öðrum fjórðungi borið saman við sama fjórðung í fyrra. Þetta er fyrsti ársfjórðungurinn þar sem Wow air nýtur ekki við en félagið fór í þrot í lok mars. Fækkun ferðamanna á öðrum ársfjórðungi var töluvert meiri en fækkunin á fyrsta fjórðungi en þá nam hún 4,7% en þetta eru fyrstu tveir fjórðungar sem ferðamönnum fækkar milli ára síðan á þriðja fjórðungi 2010. Með sífelld minnkandi vexti í komum erlendra ferðamanna á síðustu misserum hefur vöxtur í útflutningi ferðalaga einnig farið minnkandi. Útflutningur vegna ferðalaga á öðrum fjórðungi dróst saman um 2,1% á milli ára en mun meira eða 11,4% milli ára á föstu gengi krónunnar. Meiri samdráttur mælt á föstu gengi krónunnar skýrist af veikingu krónunnar milli ára en gengisvísitalan var 13% hærri á öðrum fjórðungi nú en á sama tíma í fyrra.





## Tekjur af farþegaflutningum drógust saman um 29%

Tekjur af farþegaflutningum drógust saman um 29% á öðrum fjórðungi sé miðað við fast gengi krónu og var það þriðji fjórðungurinn í röð sem samdráttur mælist í farþegaflutningum á þann mælikvarða. Samdrátturinn nam 26,1% á fyrsta fjórðungi í ár og 10,4% á fjórða fjórðungi síðasta árs. Tekjur af útflutningi ferðalaga drógust saman um 11,4% á öðrum fjórðungi mælt á föstu gengi krónunnar. Þessi samdráttur kom í kjölfar 3,6% samdráttar á fyrsta fjórðungi og er þetta annar samdrátturinn í röð en leita þarf aftur til annars ársfjórðungs 2010 til að finna samdrátt í ferðalögum á föstu gengi krónu.


### Farþegaflutningar höfðu mestu áhrifin

Sé litið til breytingar í útflutningi á þjónustu á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra sést að útflutningur í heild sinni dróst saman um 3,6 ma.kr. Það voru fyrst og fremst tveir liðir sem leiddu til þess að útflutningurinn dróst saman. Annars vegar voru það farþegaflutningar og hins vegar fjármálaþjónusta. Farþegaflutningar höfðu þó mun meiri áhrif en þeir drógust saman um tæpa 9 ma.kr. en fjármálaþjónusta dróst saman um 3,2 ma.kr. Þrír liðir studdu við aukinn útflutning. Útflutningur í fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónustu jókst um 2,6 ma.kr. eða 26,6% milli ára. Útflutningur annarrar viðskiptaþjónustu jókst um 2,5 ma.kr, eða 37,7%, og útflutningur byggingar- og mannvirkjastarfsemi jókst um 1,4 ma.kr. eða 426%.


### Brottförum Íslendinga fækkar í fyrsta sinn síðan á fyrsta fjórðungi 2014

Langumsvifamesti innflutningur til landsins í forni þjónustu eru ferðalög Íslendinga erlendis. Þessi liður var 43% af heildarinnflutningi þjónustu á síðasta ári og hafði farið hækkandi árin þar á undan, en hlutfallið var t.d. 31% árið 2014. Ferðalög Íslendinga hafa aukist verulega á síðustu árum samfara auknum uppgangi hér á landi, lægra flugmiðaverði og styrkingu krónunnar sem hefur aukið kaupmátt Íslendinga erlendis. Ákveðin breyting varð á þessu á fyrsta fjórðungi þegar brottförum Íslendinga fækkaði um 8,5% miðað við


Hagsjá



Breyting á 12 mánaða grundvelli á föstu gengi  
Heimild: Hagstofa Íslands



Breyting milli 2. ársfjórðungs 2018 og 2019. Sýnir þá liði sem breyttust mest milli ára í ma.kr.  
Heimild: Hagstofa Íslands



Aukning á 12 mánaða grundvelli. Innflutningur á föstu gengi.  
Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands



sama tímabil í árið áður. Það var í fyrsta skiptið síðan á fyrsta ársfjórðungi 2014 sem brottfarir dragast saman. Fækkunin nú á öðrum ársfjórðungi nam 2,2%. Þessi fækkun brottfara hefur leitt til þess að vöxtur í innflutningi ferðalaga hefur minnkað í samanburði við vöxt síðustu missera. Vöxturinn í innflutningi ferðalaga nam 8,1% en sé vöxturinn settur á fast gengi krónu var hann neikvæður um 4,4%.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.